

D Ó M U R

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 16. apríl 2014 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 8. desember sl. Stefnandi er Guðmundur Runólfsson hf., Sólvöllum 2, Grundarfirðir. Stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði sér 999.670.150 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 8. maí 2014 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála áður en dómur var kveðinn upp.

Helstu ágreiningsefni og yfirlit um málsatvik.

Meginágreiningur aðila snýr að því hvort við endurútreikning þriggja gengistryggðra lána, sem stefnandi tók hjá Landsbanka Íslands hf. á árunum 2004 og 2005 og nánar er gerð grein fyrir síðar, hafi borið að taka tilliti til fullnaðarkvittana vegna þeirra sammingsvaxta sem stefnandi hafði þá greitt. Atvik málsins eru að meginstefnu ágreiningslaus og er ekki um það deilt að umrædd lán hafi verið bundin ólögumætri gengistryggingu. Ekki er lengur um að ræða tölulegan ágreining með aðilum. Þá liggur fyrir að stefndi hefur tekið við réttindum og skyldum lánveitanda af Landsbanka Íslands hf. vegna umrædds láns, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008, og er því réttilega stefnt til varnar.

Landsbanki Íslands hf. var um árabil viðskiptabanki stefnanda sem fæst við útgerð og fiskverkun. Hjá fyrirtækinu starfa á bilinu 77-85 manns, eftir árstíðum, þar af tveir við skrifstofuhald. Stefnandi tók á árunum 2004 og 2005 þrjú lán hjá bankanum sem hér segir:

1. Lánsamningur nr. 0106-36-2150, dagsettur 15. nóvember 2004, upphaflega að jafnvirði 625 milljónir króna, bundinn við gengi evru (30%), sterlingspunda (10%), svissneskra franka (25%), japanskra jena (15%) og bandaríkjadala (20%). Lánstíminn var 5 ár og endurgreiðsluskilmálar þeir að einungis bar að greiða vexti á þriggja mánaða fresti fram til lokagjalds 15. desember 2009, en þá skyldi lánið greitt upp með einni afborgun. Vextir skyldu vera svonefndir LIBOR vextir auk 3% álags. Lánið var upphaflega veitt öðru félagi sem síðar var sameinað stefnanda. Skilmálabreyting var gerð 26. janúar 2010 sem miðaðist við að lánið skyldi greitt upp 15. júní 2010. Hinn 16. ágúst 2010 var gerður viðauki við lánsamninginn sem fól í sér að

- lánið skyldi greitt upp á fimm árum, með 20 afborgunum, á þriggja mánaða fresti, fyrst 15. desember 2010, og skyldi greiða 1/68 hluta höfuðstóls á fyrstu 19 gjalddögum, en á lokagjalddaga 15. september 2015 skyldi greiða 49/68 hluta.
2. Lánessamningur nr. 0106-36-2314, dagsettur 8. desember 2004, að jafnvirði 970 milljónir krónur, bundinn við gengi evru (30%), sterlingspunda (10%), svissneskra franka (30%), japanskra jena (20%) og bandaríkjadala (10%). Lánstíminn var 15 ár og skyldi greiða lánið með 90 jöfnum afborgunum á tveggja mánaða fresti. Vextir, sem greiðast skyldu á sömu gjalddögum, skyldu vera svonefndir LIBOR vextir með 1,5% álagi. Hinn 6. apríl 2009 var gerður viðauki við lánessamninginn, þar sem greiðslu afborgana var frestað til 15. nóvember 2009, og lokagjalddagi færður aftur. Hinn 16. september 2009 var enn gerður viðauki við lánessamninginn, þar sem lánsmyntum var m.a. breytt, auk þess sem greiðsluskilmálar urðu þeir að eftirstöðvar lánsins skyldu greiðast á fimm árum, með 30 afborgunum á tveggja mánaða fresti, þannig að 1/102 hluti þess skyldi greiddur á fyrstu 29 gjalddögum, en á lokagjalddaga skyldi greiða 73/102 hlutar lánsfjárhæðarinnar.
 3. Lánessamningur nr. 0106-36-4832, dagsettur 31. ágúst 2005, að fjárhæð 165 milljónir krónur. Lánið var verðtryggt og bundið vísitölu neysliverðs og skyldi greiðast upp á fimm árum með 20 jöfnum afborgunum á þriggja mánaða fresti, þannig að á fyrstu 19 gjalddögum skyldi greiða 1/60 hluta skuldarinnar en á lokagjalddaga, 10. nóvember 2010 41/60 hluta. Vextir skyldu vera svonefndir kjörvextir, sem þá numi 4,6%, auk álags. Hinn 5. apríl 2006 var láninu myntbreytt samkvæmt heimild í samningnum og var lánið, sem á þeim tíma nam jafnvirði 165.473.581 krónu, myntbreytt í kanadadollar (30%), japönsk jen (10%) og svissneska franka (60%). Var lánessamningi þessum skilmálabreytt 6. apríl 2009, 13. október 2010 og 15. desember 2010, síðast þannig að eftirstöðvar lánsins skyldu greiddar með 20 afborgunum á þriggja mánaða fresti, og lokagjalddagi yrði 10. ágúst 2015. Á fyrstu 19 gjalddögum skyldi greiða 1/68 hluta lánsins en á lokagjalddaga 49/68 hluta.

Með bréfum 3. október 2011, 20. desember þess árs og 9. febrúar 2012 tilkynnti stefndi stefnanda að hann hefði endurreiknað lánasamningana í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010. Í öllum tilvikum lækkuðu eftirstöðvar lánanna.

Í stefnu er vísað til þess að stefnandi hafi átt í samskiptum við stefnanda um frekari leiðréttingu og vísað meðal annars til dóms Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í

máli nr. 600/2011. Segir jafnframt að svo virðist sem stefnandi hafi komið sér upp þeirri vinnureglu í kjölfar dóms Hæstaréttar 12. desember 2013 í máli nr. 463/2013 að fyrirtæki sem væru með ársveltu yfir 1,5 milljarði skyldu ekki fá frekari leiðréttingu. Þá segir í stefnu að í ljósi afstöðu stefnda hafi stefnandi aflað útreiknings sérfræðings á endurgreiðslukröfu sinni. Eru þeir útreikningar, sem ekki er ástæða til að rekja sérstaklega, dagsettir 7. apríl 2014.

Við aðalmeðferð málsins gaf aðilaskýrslu Guðmundur Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnanda. Í skýrslu hans kom meðal annars fram að lánasamningar fyrirtækisins við Landsbanka Íslands hf. hefðu verið gerðir á grundvelli kynninga starfsmanna bankans og annarra upplýsinga sem bankinn hefði veitt fyrirtækinu. Í kjölfar hruns á fjármálamörkuðum haustið 2008 hefði stefnandi átt við verulega fjárhagserfiðleika að stríða, ekki síst vegna gjaldmiðlaskiptasamninga sem gerðir hefðu verið við Landsbanka Íslands hf. Samkomulag hefði verið gert við bankann um þessa samninga og einnig hefði verið gert samkomulag um skuldaaðlögun við stefnanda sem tekið hafði yfir lán Landsbanka Íslands hf.

Helstu málsástæður og lagarök aðila

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því að fullnægt sé öllum þeim skilyrðum, sem mótuð hafi verið í dómaframkvæmd, til þess að hann geti byggt rétt á fullnaðarkvittunum vegna greiðslu vaxta framangreindra lána. Stefnandi hafi þannig verið í góðri trú um að með vaxtagreiðslum til stefnda væri hann að efna að fullu skyldur sínar að þessu leyti. Hann vísar til þess að viðbótarkrafa stefnda vegna lánanna hafi verið veruleg og festa hafi verið í framkvæmd samninganna. Hafi því verið um að ræða verulega röskun á stöðu stefnanda sem meðal annars hafi komið fram í því að stefnandi gekk að afarkostum stefnda við skuldaaðlögun haustið 2008. Að því er varðar stöðu aðila vísar stefnandi til þess að hann hafi enga sérþekkingu á gengismálum og alls ekki þekkingu sem jafna megi við þekkingu fjármálafyrirtækis. Lögð er á það áhersla að staða stefnanda sé gerólík því sem fjallað hafi verið um dómum Hæstaréttar vegna stærri fyrirtækja. Stefnandi sé lítið sjávarútvegsfyrirtæki, sem um fjármögnun og hvernig henni skyldi hagað hverju sinni, hafi reitt sig á viðskiptabanka sinn og sérfræðinga hans sem hafi samið alla lánasamninga og önnur skjöl sem tengdust lántökum stefnanda.

Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann eigi rétt á endurgreiðslu á grundvelli reglna um endurheimt ofgreidds fjár, enda lagaskilyrði fyrir slíkum endurheimturétti ekki til staðar. Endurútreikningur í október og desember 2011 og febrúar 2012 hafi í reynd falið í sér að stefndi endurgreiddi stefnanda það sem talið var nema inneign stefnanda vegna ólögðmætrar

gengisbindingar, í formi lækkunar lánskuldbindinganna, en stefndi hafi dregið þá endurgreiðslu frá kröfu sinni um viðbótavexti af lánunum. Vísað er til þess að stefnandi hafi ekki haft uppi mótmæli eða fyrirvara við þetta tækifæri eða þegar lánin voru að fullu greidd upp. Með vísan til þessa og að teknu tilliti til þess að lánskuldbindingarnar áttu að sönnu að bera vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, verði ekki séð að grunnskilyrði endurheimturéttar, þ.á m. um ofgreiðslu skuldbindingar, séu uppfyllt. Þannig sé meðal annars ljóst að stefndi hafi engan veginn „auðgast“ á kostnað stefnanda við endurútreikningana. Þvert á móti verði að líta svo á að endurheimtukrafan, sem miðast við að reiknaðir væru lágir erlendir vextir af íslenskri óverðtryggðri lánsfjárhæð, teljist frekar fela í sér auðgun stefnanda, á kostnað stefnda.

Komi til álita að stefnandi geti byggt kröfu á reglum um fullnaðarkvittanir vísar stefndi til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrðum þar að lútandi sé fullnægt, en stefnandi beri sönnunarbyrðina að þessu leyti. Stefndi leggur áherslu á að stefnandi sé stórt útgerðarfyrirtæki sem hafi tekjur að verulegu leyti í erlendum myntum. Þá hafi höfuðstóll lána stefnanda lækkað verulega við endurútreikning stefnda. Á árinu 2011 hafi tekjur af aðalstarfsemi félagsins þannig numið 2,1 milljörðum króna og eignir verið alls um 2,9 milljarðar króna. Hafi á engan hátt verið sýnt fram á eða sannað að fjárhæðir viðbótarkrafna vegna vaxta samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 hafi valdið stefnanda sérstakri röskun.

Stefndi bendir einnig á að um sé að ræða tiltölulega gömul lán. Skilmálar lána stefnanda hafi ekki falið í sér mikla greiðslubyrði fyrir stefnanda meginþorra lánstímans og hafi stefnandi á umsömdum lánstíma fyrst og fremst greitt vexti. Því hafi ekki verið komin sérstök festa á greiðslu lánanna. Ef lítið sé til raunvirðis lánanna (miðað við vísitölu neysluverðs) á endurútreikningsdegi þá verði heldur ekki séð að viðbótarkröfur stefnanda hafi getað talist vera íþyngjandi. Stefndi telur einnig að framreikna eigi höfuðstól lána þegar hlutfall viðbótarkröfu sé metið.

Þá er á því byggt að stefnandi hafi verið í samningsstöðu til að hafa áhrif á einstök atriði í skilmálum lánsamninganna og hafi hann jafnframt haft brýnt tilefni til að leita sér nauðsynlegrar sérfræðiaðstoðar við samningsgerðina. Ekki verði heldur talið að stefnandi hafi getað verið í góðri trú um, er hann greiddi afborganir og/eða vexti, að vextir væru endanlega greiddir þó að sá þáttur skuldarinnar, þ.e. lánsmyntin, sem ótvírætt var forsenda vaxtanna, ætti eftir að sæta endurskoðun. Stefndi hafi þannig, með tilliti til stærðar og umfangs, og sérfræðipækkingar á gjaldeyrisviðskiptum, vart getað dulist samhengi milli mynttilgreiningar og vaxtaviðmiðunar, en slíkt hljóti, eins og annað, að skipta máli við heildarmat á þýðingu fullnaðarkvittana. Að lokum er til þess vísað að stefndi hafi haft uppi viðbótarkröfur sínar um vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 án ástæðulausra

tafa.

Niðurstaða

Dómurinn telur fram komið að hlutfall viðbótarkröfu stefnda vegna afturvirkis útreiknings vaxta samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 hafi í sjálfu sér verið umtalsvert hvort sem lítið er til höfuðstóls fyrrgreindra lána, heildarvaxtagreiðslna eða einungis þeirra fjárhæða sem hér var um að ræða. Þá verður ekki á það fallist með stefnda að lítið hlutfall afborgana af höfuðstól leiði til þess að líta beri svo á að ekki hafi myndast nægileg festa í lögskiptum aðila að þessu leyti. Sömuleiðis verður ekki talið að sú staðreynd að vaxtagreiðslur höfðu átt sér stað um nokkuð langt skeið, með þeim afleiðingum að viðbótarkröfur stefnda um vexti urðu tiltölulega hátt hlutfall af höfuðstól, mæli gegn því að stefnandi geti byggt rétt á fullnaðarkvittunum.

Í málinu er hins vegar til þess að líta að árið 2011, þegar endurútreikningur fyrstu tveggja lánanna fór fram, námu rekstrartekjur stefnanda 2,1 milljarði króna en eignir 2,9 milljörðum. Er af þessu, svo og öðrum gögnum málsins, ljóst að stefnandi getur ekki talist lítið fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Einnig verður að leggja til grundvallar að stefnandi, sem að meginstefnu framleiðir neysluvöru til sölu á erlendum mörkuðum, hafi í krafti fjárhagslegs styrkleika síns verið í aðstöðu til að leggja mat á kosti og galla þess að taka lán sem fylgdi gengi erlendra gjaldmiðla eða þá afla sér sjálfstæðrar ráðgjafar um það efni. Umfram annað verður þó að horfa til þess að endurútreikningur stefnda leiddi ekki til þess að stefnandi væri skyndilega krafinn um auknar greiðslur heldur var þvert á móti um það að ræða að umsaminn höfuðstóll lána væri færður niður, í flestum tilvikum verulega, á grundvelli endurútreiknings stefnda. Er og ekki komið fram í málinu að greiðslubyrði stefnanda hafi aukist í framhaldi af endurútreikningi stefnda. Þá liggur fyrir að stefnandi greiddi áfram af lánum sínum án fyrirvara við endurútreikningi stefnda og greiddi lánin loks upp með töku nýrra lána.

Að virtum framangreindum atriðum þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að áskilnaður stefnda um vexti samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 til samræmis við ákvæði laga nr. 151/2010 hafi valdið honum svo verulegri og óvæntri röskun á fjárhagslegri stöðu að það standi stefnda nær að bera áhættuna af þeim vaxtamun sem áður er lýst, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 15. október 2015 í málum nr. 34 og 35/2015. Eru því ekki uppfyllt skilyrði til að víkja frá téðum fyrirmælum laga nr. 38/2001 viðvíkjandi endurútreikningi gengistryggðra lána með vísan til fyrrgreindra ákvæða 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995, og áðurlýstrar reglu fjármunaréttar um fullnaðarkvittanir. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af vafaatriðum málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Sigurður G. Guðjónsson hrl.

Af hálfu stefnda flutti máli Andri Andrason hdl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýkn af kröfu stefnanda, Guðmundar Runólfssonar hf.

Málskostnaður fellur niður.

Skúli Magnússon